

# Kennsluáætlun í samfélagsfræði skólaárið 2023-2024

## 8. bekkur

**Kennari:** Sigríður Anna Emilsdóttir

Samfélagsfræðikennsla í 8. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Hæfniviðmið samfélagsgreina er skipt í þrjú flokka: **Reynsluheim, hugarheim og félagsheim**. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnisþætti og koma sumir þeirra ítrekað fyrir.

**Reynsluheimur:** *Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.*

**Hugarheimur:** *Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.*

**Félagsheimur:** *Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.*

*Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.*

### **Kennsluáðferðir:**

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám og eru leikir og spil mikið nýtt sem kennsluáðferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera samfélagsfræði að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu, að lesa upphátt og segja frá og er lögð áhersla á orðaforðavinnu. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Notast er við: Spil-lestrarbækur-myndbönd-hlusturnarefni-dagblöð-útprintanlegt efni af vef, lesskilningsverkefni o.fl.

**Námsmat:** Námsmatið tengist lykillhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

## Reynsluheimur

*Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann*

### Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Ígrundað víxlverkun samfélagsl, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.
- Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.
- Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.
- Sýnt fram á skilning á heimabyggði sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagstarf og atvinnulíf.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.
- Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.

## Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

## Hugarheimur

*Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum*

### Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðtæðu, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspekkingar.
- Vegið og metið áhrif fyrirmynda, staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.
- Lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

## Leiðir að markmiðum

- Nemendur vinna verkefni þar sem þeir segja frá sjálfum sér og sínu nærumhverfi, finna "ræturnar".
- Tímaritsgreinar og fréttir og unnið með efnið úr þeim.
- Samfélagsmiðlar skoðaðir
- Þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga og finna lykilatriði í texta sem nýtist þeim í verkefninu.

## Félagsheimur

*Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra*

### Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- Hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir.
- Rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni.
- Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Áttað sig á ýmisskonar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Sett sig inn í málefni nærsamfélagsins
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

### Leiðir að markmiðum

- Leikir og spil þar sem nemendur þurfa að tala saman og taka tillit hvert til annars
- Frjálsar umræður í tíma með áherslu á orðaforða.
- Verkefni með upplestri og kynningu í lokin.